

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 12/2010

frá 29. janúar 2010

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2009 frá 4. desember 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/460/EB frá 5. júní 2009 um samþykkt sameiginlegrar öryggisaðferðar til að meta hvort öryggismarkmið hafa náðst, eins og um getur í 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/561/EB frá 22. júlí 2009 um breytingu á ákvörðun 2006/679/EB að því er varðar framkvæmd tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi sem varðar stjórn- og merkjakerfi samevrópska almenna járnbrautakerfisins ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 42, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 150, 13.6.2009, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 60.

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 42ea (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 653/2007):

„42eb. **32009 D 0460**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/460/EB frá 5. júní 2009 um samþykkt sameiginlegrar öryggisaðferðar til að meta hvort öryggismarkmið hafa náðst, eins og um getur í 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB (Stjtið. ESB L 150, 13.6.2009, bls. 11).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 37i (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/679/EB):

„– **32009 D 0561**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/561/EB frá 22. júlí 2009 (Stjtið. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 60).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2009/460/EB og 2009/561/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. janúar 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2010 frá 29. janúar 2010, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. janúar 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
A. Seatter
formaður.

(*) **Engin stjórnskipuleg** skilyrði gefin til kynna.